

Akureyri, 27. september 2017.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson, formaður bæjarráðs.
Ráðhúsinu á Akureyri,
Geislagötu 9
600 Akureyri.

Kjörstjórnin á Akureyri hefur á fundi sínum ákveðið að gera eftirfarandi tillögur til bæjarráðs vegna komandi Alþingiskosninga þann 28. október n.k.

Að Akureyrarkaupstað verði skipt í tólf kjördeildir, tíu á Akureyri ein í Hrísey og ein í Grímsey. Þá er gerð tillaga um að á Akureyri verði kjörstaður í Verkmenntaskólanum á Akureyri, að í Hrísey verði kjörstaður í Hríseyjarskóla og að í Grímsey verði kjörstaður í Grímseyjarskóla. Lagt er til að tveir kjörklefar verði í hverri kjördeild á Akureyri, Hrísey og Grímsey.

Þá hefur kjörstjórn enn fremur ákveðið að leggja til við bæjarráð að kjörfundur standi frá klukkan 9:00 til klukkan 22:00 á Akureyri, Hrísey og Grímsey.

Óskar kjörstjórn eftir því við bæjarráð að ofangreindar tillögur verði samþykktar.

(Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar hófst þann 20. september sl. og 13. október rennur út framboðsfrestur)

Virðingarfyllt,

Helga Eymundsdóttir

Helga G. Eymundsdóttir,
formaður kjörstjórnar

AKUREYRARBÆR
Mótt.: 28.09.2017
Málsnr.: 2017090128
Lykill: 01-000